

Reykjavík, 29. maí 2019

Niðurstaða athugunar á aðgerðum Arion banka hf. gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Arion banka hf. með bréfi dagsettu 3. október 2018.

Markmið athugunarinnar var að kanna framfylgni við afmarkaða þætti þágildandi laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka og leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um sama efni. Nánar tiltekið náði athugunin til innri reglna og ferla, reglubundins eftirlits, alþjóðlegra þvingunaraðgerða, framkvæmdar áreiðanleikakannana og rannsóknar- og tilkynningarskyldu.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að athugunin var framkvæmd þegar í gildi voru lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabvætti og fjármögnun hryðjuverka, en þann 1. janúar 2019 tóku gildi lög nr. 140/2018 um sama efni.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í janúar 2019 og var byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst.

Tekið var úrtak 27 viðskiptavina bankans og framkvæmd áreiðanleikakönnunar bankans á þeim viðskiptavinum könnuð, í heild eða hluta.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að bankinn hefði ekki metið með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um raunverulega eigendur viðskiptavina væru réttar og fullnægjandi, sbr. 2. mgr. 5. gr. þágildandi laga nr. 64/2006. Þá var gerð athugasemd við að upplýsingar um raunverulega eigendur hefðu ekki verið uppfærðar eða upplýsingar ekki verið uppfærðar með reglulegum hætti í samræmi við kröfur sem fram kæmu í 6. gr. þágildandi laga nr. 64/2006.

Í tilviki viðskiptavina, þar sem fram kom í áreiðanleikakönnun að enginn aðili ætti yfir 25% hlut í lögaðila, var gerð athugasemd við að ekki hefði verið gripið til réttmætra ráðstafana til að afla fullnægjandi upplýsinga um einstaklinga sem í raun stjórna starfsemi viðskiptavinar, sbr. 2. mgr. 5. gr. þágildandi laga nr. 64/2006.

Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að í tilviki erlends viðskiptavinar hefði bankinn ekki sinnt rannsóknarskyldu sinni á grundvelli 1. mgr. 17. gr. þágildandi laga nr. 64/2006, í ljósi upplýsinga sem fram komu við lok viðskiptasambands.

Jafnframt var gerð athugasemd við að reglubundið eftirlit bankans með viðskiptavinum hefði ekki fullnægt kröfum 6. gr. þágildandi laga nr. 64/2006, en þess ber að geta að bankinn hafði hafið innleiðingu á nýju kerfi vegna reglubundins eftirlits þegar athugunin fór fram. Einnig var gerð athugasemd við að verklag í tengslum við uppfærslu á upplýsingum um viðskiptavini hefði ekki fullnægt 6. gr. þágildandi laga nr. 64/2006. Loks var gerð athugasemd við að skýrslur bankans um grunsamlegar og óvenjulegar færslur hefðu ekki verið fullnægjandi, sbr. 3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 17. gr. þágildandi laga nr. 64/2006.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við Arion banka hf. að hann fæli innri endurskoðanda bankans að meta úrbætur sem bankinn gerði í kjölfar athugunarinnar og skila skýrslu þar að lútandi til Fjármálaeftirlitsins. Skýrsla innri endurskoðanda bankans barst Fjármálaeftirlitinu í byrjun apríl 2019. Í skýrslunni kemur fram að bankinn hafi brugðist við öllum útbótakröfum og teljist úrbótum við athugasemdunum lokið í öllum tilfellum nema einu, en bankinn vinnur að því að ljúka úrbótum

Í tengslum við reglubundið eftirlit. Bankinn hefur sent Fjármálaeftirlitinu áætlun um úrbætur og mun Fjármálaeftirlitið fylgja þeim eftir.

Rétt er að taka fram að með hliðsjón af eðli athugunar Fjármálaeftirlitsins og þeirra athugasemda sem gerðar voru féllst stofnunin á beiðni Arion banka hf. um að tilkynning um niðurstöðu athugunarinnar yrði ekki birt fyrir en innri endurskoðun bankans hefði skilað skýrslu um úrbæturnar.